

Fréttatilkynning:
Hagar hf. árshlutauppgjör 31. ágúst 2011

Árshlutareikningur Haga fyrir fyrri helming rekstrarársins 2011-2012 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum 28. október 2011. Reikningurinn nær yfir tímabilið 1. mars – 31. ágúst 2011. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess og er hann gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Árshlutareikningurinn er endurskoðaður.

Helstu upplýsingar:

- Hagnaður tímabilsins nam 1.025 millj. kr. eða 3% af veltu.
- Rekstrartekjur tímabilsins námu 33.711 millj. kr.
- Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) nam 2.188 millj. kr.
- Heildareignir samstæðunnar námu 23.517 millj. kr. í lok tímabilsins.
- Handbært fé félagsins nam 1.825 millj. kr. í lok tímabilsins.
- Eigið fé félagsins nam 4.807 millj. kr. í lok tímabilsins.
- Eiginfjárlutfall félagsins var 20,4% í lok tímabilsins.

Vörusala félagsins nam 33,7 milljörðum króna, samanborið við 33,8 milljarða króna fyrir sama tímabil árið áður. Á síðasta rekstrarári var verslanakeðjan 10-11 hluti af sex mánaða árshlutareikningi félagsins. Að teknu tilliti til brotthvarfs á rekstri 10-11 nemur söluaukning félagsins 6,14%.

Afkoma félagsins fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta nam 2.188 milljónum króna, samanborið við 2.416 milljónir króna árið áður.

Veruleg breyting er á fjármagnsliðum félagsins milli ára, sem skýrist bæði af einkisliðum og af hagstæðari lánakjörum, en á fyrri helmingi ársins var fjármagnskostnaður 231 milljónir króna, samanborið við 1.056 milljónir á sama tímabili árið áður.

Hagnaður tímabilsins fyrir skatta nemur 1.361 milljónum króna, samanborið við 631 milljón króna árið áður. Hagnaður eftir skatta nemur 1.025 milljónum króna á tímabilinu, sem jafngildir um 3,0% af veltu.

Horfur:

Horfur í rekstri félagsins eru góðar og rekstur félagsins skv. áætlunum. Almenn óvissa með efnahagsástand á Íslandi og þróun á ráðstöfunartekjum íslenskra heimila getur þó haft áhrif á rekstur félagsins. Engar óvæntar eða afgerandi breytingar hafa orðið á rekstri félagsins frá uppgjörstigi til dagsins í dag.

Nánari upplýsingar veitir Finnur Árnason, forstjóri félagsins, í síma 530-5500.

Árshlutareikningur Haga hf.

Lykiltölur í millj. kr. – samstæða

Rekstrarreikningur	1.3.2011- 31.8.2011	1.3.2010- 31.8.2010
Vörusala	33.711	33.807
Kostnaðarverð seldra vara	(25.685)	(25.328)
Framlegð	8.026	8.479
Aðrar rekstrartekjur	55	49
Rekstrargjöld	(5.893)	(6.112)
Rekstrarhagnaður án sektar, niðurfærslu og afskrifta	2.188	2.416
Stjórnvaldssekt	0	(270)
Afskriftir rekstrarfjármuna og niðurfærsla óefnislegra eigna	(596)	(459)
Rekstrarhagnaður	1.592	1.687
Fjármagnsliðir	(231)	(1.056)
Hagnaður (tap) fyrir skatta	1.361	631
Tekjuskattur	(336)	(161)
Hagnaður tímabilsins	1.025	470
Hagnaður á hlut	0,87	0,40
Efnahagsreikningur		
	31.8.2011	28.2.2011
Eignir:		
Fastafjármunir	12.416	12.810
Veltufjármunir	11.101	9.020
Eignir samtals	23.517	21.830
Eigið fé og skuldir:		
Hlutfé	1.172	1.172
Annað eigið fé	3.635	2.440
Eigið fé samtals	4.807	3.612
Langtímaskuldir	11.233	830
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	677	11.497
Aðrar skammtímaskuldir	6.800	5.891
Eigið fé og skuldir samtals	23.517	21.830
Sjóðstreymi		
	1.3.2011- 31.8.2011	1.3.2010- 31.8.2010
Handbært fé frá rekstri	1.622	493
Fjárfestingarhreyfingar	(196)	(218)
Fjármögnunarhreyfingar	(689)	(427)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	737	(152)
Handbært fé 1. mars	1.088	475
Handbært fé 31. ágúst	1.825	323

Breytingar á eigin fé	1.3.2011 - 31.8.2011			
	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Óráðst. eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. mars 2011	1.172	1.272	1168	3.612
Hagnaður tímabilsins			1.025	1.025
Aðrar breytingar			170	170
Eigið fé 31. ágúst 2011	1.172	1.272	2.363	4.807